



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni tillögu: Viðauki við samning velferðarsviðs og Ás styrktarfélag ásamt heimild til að hefja innkaupaferli vegna nýs samnings.**

Lagt er til að gerður verði viðauki við gildandi þjónustusamning við Ás styrktarfélag, vegna aukinnar þjónustuþyngdar fatlaðra einstaklinga sem eru í þjónustu á grundvelli samningsins. Viðaukinn gildir fyrir árið 2020 og samhliða verði hafin vinna við gerð nýs þjónustusamnings á grundvelli innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Áætlaður kostnaður nemur allt að 50 m.kr. á árinu 2020 og rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

### **Greinargerð:**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er með samning við Ás styrktarfélag sem gildir frá 2016-2020. Samningurinn er þriðþættur. Einn hluti samningsins kveður á um 40 rými í húsnæði fyrir fatlað fólk sem nýtast fötluðum einstaklingum með mismunandi þjónustuþyngd. Annar hluti samningsins snýr að vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu en í þeim hluta var samið um 107,5 rými. Frá því núgildandi samningur tók gildi hafa verið keypt fleiri rými í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu og gerðir fimm viðaukar við þann hluta samningsins og eru rýmin nú alls 131,2. Hvert rými telur 8 klukkustundir á dag og nýtist jafnmörgum eða fleiri einstaklingum eftir úthlutaðri lengd daglegrar viðveru hvers og eins. Þriðji hluti samningsins tekur til dagryma í sérhæfðri þjónustu við börn að 6 ára aldri og eru þau rými fimm talsins. Dagrymin eru að öllu jöfnu 8 klukkustundir. Þau skulu nýtast jafnmörgum eða fleiri einstaklingum eftir úthlutaðri lengd daglegrar viðveru hvers og eins. Í dag veitir Ás styrktarfélag hátt á þriðja hundrað manns þjónustu í formi búsetu, dagþjónustu og vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Þar af um 240 Reykvíkingum.

2. apríl 2019 sendi Ás styrktarfélag bréf til velferðarsviðs borgarinnar vegna viðvarandi og uppsafnaðs halla á þjónustusamningi við Reykjavíkurborg og gerði kröfu um viðbætt fjármagn. Í kjölfar þess var tekin ákvörðun um að skipa starfshóp fulltrúa velferðarsviðs og Áss styrktarfélags til að endurskoða fjárhagshluta þjónustusamnings velferðarsviðs við Ás styrktarfélag frá og með árinu 2019. Krafa Áss styrktarfélags gagnvart velferðarsviði afturvirkkt fyrir árið 2019 nam rúmum 50 m.kr. Eftir ítarlega vinnu starfshópsins var ljóst að Ás var að glíma við aukna þjónustuþyngd í búsetuþjónustu og vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Þá glímdi Ás við aukinn kostnað vegna langtímaveikinda starfsmanna, aukins stjórnunarkostnaðar og þeirrar ákvörðunar að hætta sumarlokunum í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Eftir rýningu fulltrúa fjármálaskrifstofu velferðarsviðs á fjárhagshluta samningsins var ljóst að þar hallaði á Ás styrktarfélag, m.a. vegna aukinna þjónustuþarfa einstaklinga í þjónustu Áss og aukinna krafna löggjafans varðandi þjónustu við fatlað fólk. Á þeim grundvelli og þar sem tekjur velferðarsviðs urðu hærrí en áætlað var var ákveðið að koma til móts við kröfu Áss um tæpar 48 m.kr. árið 2019. Inni í þeirri fjárhæð voru þær 14,7 m.kr. sem velferðarráð samþykkti að bæta á fundi sínum 13. nóvember 2019. Fyrir samningsviðaukann 2020 er gert ráð fyrir sambærilegri fjárhæð eða allt að 50 m.kr., sem rúmast innan fjárheimilda sviðsins.

Fylgiskjal:

*Minnisblað Aðalbjargar Traustadóttur, skrifstofustjóra, dags. 14.02.2020*